



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. október 2018
Tilvísun: 2018100154/50.12

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. S-157/2018 Frumvarp, hollustuhættir og mengunarvarnir, meðhöndlun úrgangs (stjórnvaldssektir o.fl.).


Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið til umsagnar mál umhverfis- og auðlindaráðuneytis nr. S-157/2018 Frumvarp, hollustuhættir og mengunarvarnir, meðhöndlun úrgangs (stjórnvaldssektir o.fl.) á samradsgatt.is. Frumvarpið sjálf liggur ekki fyrir en gögn fylgja um mat á áhrifum lagasetningar (útg. 1 - Ágúst 2017) og áform um lagasetningu (útg. 1 - Ágúst 2017). Í almennum texta með boðuðu lagafrumvarpi kemur ýmislegt fram sem ekki fylgir með til umsagnar og er það bagalegt. Þar kemur m.a. fram að breyta eigi lögum nr. 7/1998 m.a. til að setja inn ákvæði til að skýra hlutverk heilbrigðisnefnda og framkvæmdastjóra þeirra í ljósi nýlegra úrskurða. Ekki er vitað hvaða úrskurði er verið að vísa til. Vonandi er raunverulega átt við að skýra en ekki rýra hlutverk heilbrigðisnefnda.

Hér er að þessu sinni einungis veitt umsögn um stjórnvaldssektir sem fyrirhugað er að taka inn í löggjöfina og stjórnvöld, m.a. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafa beðið eftir að fá og er bent á fyrri umsagnir HER um breytingar á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar um.

Fram kemur í erindi ráðuneytisins að það séu einkum tvær leiðir í boði við útfærslu og beitingu stjórnvaldssekska vegna brota á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um meðhöndlun úrgangs. Annars vegar að öll 11 stjórnvöldin (Umhverfisstofnun (UST) og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga) hafi heimild til að beita stjórnvaldssektum og hins vegar einungis eitt, þ.e. UST. Lagt er til í kynningu á fyrirhuguðu frumvarpi að UST fái þessa heimild. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur að ef hægt er að færa rök fyrir því að veita UST sem stjórnvaldi heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um meðhöndlun úrgangs þá hljóti sömu rök að gilda fyrir hin stjórnvöldin 10, þ.e. heilbrigðisnefndirnar. Með tillögu að einungis UST hafi þessa heimild er verið að mismuna sjálfstæðum stjórnsýslustofnanum og rýra hlutverk þeirra. Í ljósi þessa fer HER fram á að allar 11 eftirlitsstofnanirnar sem framfylgja lögum nr. 7/1998 hafi samræmd þvingunarúrræði þ.á.m. beitingu stjórnvaldssekska.

HER áskilur sér rétt að koma með frekari athugasemdir á seinni stigum þessa máls.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri